

An architectural rendering of a park. A paved path winds through a lush green landscape with various trees and tall grasses. In the foreground, a woman in a blue jacket and orange skirt is riding a red bicycle with a black basket. To her left, a young girl in a striped shirt and black skirt is walking. Further down the path, a man in a blue tank top is jogging. On the left side of the path, there is a small stream with several wooden posts sticking out of the water. A child in a yellow shirt is jumping over the posts, while another child in a grey shirt is crouching by the water. In the background, a red metal structure with vertical posts is visible. The sky is overcast with several birds flying. A semi-transparent white banner with a dark border is overlaid on the right side of the image, containing the title text.

Grænn iðngarður á Bakka

Tækifæri & Áskoranir

Efnisyfirlit.


01	Inngangur Verkefnið Framtíðarsýn Bakki - Svæðið
02	Grænn Iðngarður Hvað þarf til? Möguleikar á Bakka SVÓT greining - Bakki Sviðsmyndir & Framtíðarsýn
03	Fasaáætlun Fasar - skipulag Tímalína Fasar 1-3
04	Rekstrarform Eignarhald - möguleikar Eignarhald - skipulag Kostnaðarliðir - áætlun Næstu skref

Inngangur.

Tækifæri í samspili grænna iðngarða & jákvæðrar samfélagsþróunar.

M/STUDIO Reykjavík og *INNOV* tóku saman þau tækifæri og áskoranir sem felast í uppbyggingu græns iðngarðar á Bakka. Afurð verkefnisins á að hjálpa til við ákvarðanatöku og auðvelda hagaðilum að móta **framtíðarsýn fyrir Bakka**. Ennfremur er bent á hvaða skref þarf að taka til að hámarka líkur á að sú sýn verði að veruleika.

Vinnan byggir á skýrslunni *Grænir Iðngarðar - Tækifæri fyrir Ísland*, samtölum við verkefniseigendur og hagaðila sem og almennri gangaöflun.



Skýr framtíðarsýn & vilji til að skara fram úr

Með síaukinni nýsköpun og tækniþróun er gríðarlega mikilvægt að samfélög hafi skýra framtíðarsýn ef grípa á þau fjölmörgu tækifæri sem munu bjóðast á komandi árum. Í því samhengi er nauðsynlegt að skoða **hvers konar iðnaðarkerfi** samfélög vilja byggja upp.


Til þess að hámarka líkur á **jákvæðri samfélagsþróun** eru hringrásar iðnaðarkerfi eða svo kallaðir *Grænir iðngarðar* að ryðja sér til rúms í auknum mæli á heimsvísu. Eftirspurn sveitarfélaga eftir **framúrskarandi fyrirtækjum** með sjálfbærni að leiðarljósi verður því sífellt meiri og þess vegna afar mikilvægt að halda vel utan um þessi málefni og ekki síður hafa skýra stefnu til að fylgja eftir.



Á Bakka er nú þegar búið að deiliskipuleggja um 84 ha fyrir iðnað. Í heild er svæðið um 200 ha og því um gríðarstórt landsvæði að ræða.



Grænn Iðngarður.





Stöðugar umbætur & bestun.


Við uppbyggingu græns iðngarðs er gríðarlega mikilvægt að litið sé til þess hver metnaður og eiginleiki garðsins skal vera til framtíðar. Þetta þarf að gerast **snemma í ferlinu** þar sem það gæti haft töluverð áhrif á skipulagningu og þróun garðsins strax í upphafi.

Þessar ákvarðanir geta verið háðar landfræðilegri staðsetningu, mögulegri samsetningu fyrirtækja, laga og regluumhverfi, stuðningi sveitarfélaga og fleiri þátta.

Heimild: Grænir Iðngarðar - Tækifæri fyrir Ísland, 2021.









Fiskiskipaflotinn á Íslandi notar um **170.000 tonn af olíu á ári**.

Þar sem rafeldsneyti er með **minna orkuinnihald en olía** má gera ráð fyrir að það þurfi meira magn til að ná sömu afköstum.

Landsvirkjun leggur áherslu á að styðja við orkuskipti innanlands næstu árin með fókus á **raforku, vetni og metanól**. Ætlunin er að byrja í **hóflegum skala** og auka svo stuðninginn í samfélaginu eftir því sem þurfa þykir.

Aflgeta þeistareykja núna er **90 MW** en hefur möguleika á stækkun í **200 MW**.





17000 tonn H₂O



75.000 tonn

1900 tonn O₂

1900 tonn af 2 kg fisk

10 stk flutningaskip

Rafeldsneytisframleiðsla er **orkuskiptaverkefni** og hluti af því að ná losunarmarkmiðum Íslands og **orkusjálfstæði**.

Að mörgu þarf að huga...

(Heimild: Fysileiki Rafeldsneytisframleiðslu. Skýrsla Jún 2021)

Marka skýra stefnu um hlutverk opinbera orkufyrirtækja

Tryggja að regluverk styðji við framleiðslu rafeldsneytis

Ívilnanir varðandi opinber gjöld fyrstu rekstrarárin

Langtíma sölusamningar á rafeldsneyti

Ívilnanir í orkumálum

Styrkir

Styrkleikar

Endurnýjanlegar orkuauðlindir.
 Auðlindastraumar frá PCC.
 Uppbygging hafin með PCC.
 Deiliskipulagt iðnaðarsvæði.
 Nálægð við samfélagið á Húsavík.
 Vilji samfélagsins til uppbyggingar á Bakka mikill.




Veikleikar

Núverandi geta kerfisins ekki næg - raforkuþörf eykst með uppbyggingu.
 Framtíðarsýn fyrir hafnaruppbyggingu vantar.
 Deiliskipulag ekki nógu sveigjanlegt.
 Framtíðarsýn fyrir uppbyggingu óskýr.
 Auka þarf heimildir til efnistöku í Skurðsbrúnum.
 Finna þarf svæði sem henta til losunar lausra efna frá byggingarsvæðinu.

Ógnanir

Aðgangur að vinnuafli.
 Húsnæðisskortur.
 Skortur á grunnþjónustu?
 Markaðir ekki tilbúnir?
 ...




Tækifæri

Nýta úrgang og hliðarafurðir til verðmætasköpunar.
 Byggja upp framúrskarandi grænan iðngarð.
 Stuðla að jákvæðri samfélagsþróun.
 Skapa fjölbreytt atvinnulíf.
 Sterkir og fjölbreyttir innviðir.
 Samfélag með skýra og metnaðarfulla framtíðarsýn.


01. Engin miðstýring á svæðinu.

Fyrirtæki hafa regluleg samskipti sín á milli. Setja sér markmið og mæla árangur sjálf. Lítil tenging við nærsamfélag.




02. Stýring er í höndum verkefnastjóra

hjá sveitarfélaginu á Húsavík. Fundað reglulega. Sameiginleg markmið og árangur mældur. Lítil tenging við nærsamfélag.



03. Sterk miðstýring í hjarta garðsins á Bakka.

Skýr metnaðarfull markmið og framtíðarsýn. Árangur mældur og öflug stjórn fundar reglulega. Þjónustubýgging hýsir margskonar starfsemi tengda garðinum þar á meðal framkvæmdastjórn þessa. Sterk tenging við nærsamfélag.



Að okkar mati er sviðsmynd þrjú líklegust til að hámarka líkur á **jákvæðri samfélagsþróun** samhliða uppbyggingu græns iðngarðs á Bakka. Því var gengið út frá henni í áframhaldandi vinnu.

Flæði fólks & auðlindastrauma.

Sýnilegt og aðlaðandi!

Þar sem afgangsafurðum er umbreytt í **verðmæti**. Iðnaðarhverfi þarf ekki að vera óaðlaðandi heldur þvert á móti geta þau skapað **einstaka stemningu** og aukið **aðdráttarafl** fólks og spennandi fyrirtækja ef vel tekst til!



Grunnstef í framtíðarsýn

Ár/Bakki er þjónustukjarni og móttökuhús græns iðngarðs á sviði nýsköpunar og tækniþróunar í iðnaði með hringrásarhagkerfi að leiðarljósi.

Húsið er einnig **sýningar- og tilraunavettvangur**. Rannsóknir og prófanir á nýjum vörum og aðferðum á athafnasvæðinu eru framkvæmdar.

Garðurinn markaðssetur sig sem frumkvöðul í hringrásarhugsun á iðnaðarkvarða, sem lausn fyrir nútíð og framtíð þegar kemur að áskorunum sem samfélög af mismunandi stærðum glíma við.

Lögð er áhersla á að svæðið sé ætlað iðnaði sem veldur sem **minnstu umhverfisraski**.



Forsendur skipulags

Markmið fyrirhugaðs græns lðngarðar er að laða að svæðinu fyrirtæki og minnka kolefnisfótspor með fjölnýtingu auðlindastrauma.

Æskilegt væri að **deiliskipulag verði umhverfissvottað** til að áréttta áherslu á umhverfisþáttinn og einfalda fyrirtækjum á svæðinu að ná markmiðum varðandi sjálfbærni. Með vottuðu grænu deiliskipulagi auðveldar það upphafið af grænni fjármögnun þeirra félaga sem koma á Bakka.

Deiliskipulagið ætti að hafa ákveðinn **sveigjanleika**, heimilt að byggja eina eða fleiri byggingar innan byggingarreits eða hafa hús sambyggð milli lóðamarka.

Móttökubygging er staðsett á reit *B1* samkvæmt núverandi deiliskipulagi. Staðsetningin býður upp á nálægð við grænt belti við Bakkaá og eitt það fyrsta sem tekur við gestum sem fara um þjóðveginn. Mælst er til þess að bílaumferð verði ekki leyfð þar fyrir framan til að slíta ekki útisvæði við sunnanverða bygginguna frá græna beltinu.

Á reitnum þar fyrir ofan er möguleiki á að bæta við þjónustubyggingu í seinni áföngum þegar garðurinn stækkar og eftirspurn eykst.

Útlit, efnis- og litaval verður samræmt til að ná heildrænu yfirbragði garðsins en þjónustubyggingar hafa þó aðeins annað yfirbragði en nærliggjandi byggingar, eru aðlaðandi og ímyndarskapandi fyrir garðinn.

Aðkomuvegir munu tengjast þjónustuvegi sem sveitafélag leggur til. Þó er lagt til að stækka lóð E1 (samkvæmt núverandi deiliskipulagi) **úr 5,5 ha í 10 ha** og fjölga sem því nemur minni lóðum. Vegurinn um lóðina norðanverða mun því færast norðar í samræmi við þá breytingu.

Lögð er áhersla á að ýta undir gangandi og hjólandi umferð um græna beltið á svæðinu. Á iðnaðarsvæðinu sjálfu er aðkoma gesta þó stýrð með skipulögðum hætti. Fýsilegt væri að skilgreina ákveðin svæði innan stærri lóða sem græn svæði til að brjóta upp og mynda andrými í annars stóru iðnaðarhverfi. Stígarnir eru vel upplýstir samhliða fallegum trjágróðri.







Grænt yfirbragð

Mjög mikilvægt er að deiliskipulag styðji við markmiðið um að ná heildstæðu „grænu“ yfirbragði garðsins.

Grænu belti sem tengir útivist og iðnað saman er gert hátt undir höfði þannig að mögulegt verði að komast í nálægð við iðngarðinn á öruggan og aðlaðandi hátt. Þannig verður samstarf við þekkingarsetrið tryggt í sessi og garðurinn verður hluti af útivistarsvæði Húsvíkinga.

Samhliða uppbyggingu á svæðinu væri farið í að planta trjám og leggja stíga, gera leiksvæði og áningarstaði meðfram Bakkaá ásamt aðlaðandi göngustígum innan iðnaðarsvæðisins. Með tímanum gæti svæðið í kringum Bakkaá orðið einskonar vin fyrir gesti og starfsfólk á svæðinu. **Andstæður** í iðnaði og náttúru geti skapað einstaka stemningu og upplifun á svæðinu og ef vel tekst til orðið órjúfanlegur partur af ímynd garðsins.

Tenging garðsins við Húsavík er mikilvæg og að hann verði hluti af samfélaginu. Samgöngur við Húsavíkurbæ verða bætтар með hjóla og göngustígum að svæðinu og aðgengi að náttúruminum og fjölbreyttu fuglalífi við Bakkafjöru og Bakkatanga betrubætt.








Þjónustukjarni

Upplýsingamiðstöð
Fræðsla og þjálfun
Rannsóknir og þróun
Stjórnun
Markaðsstarf
Verzlun og þjónusta f
starfsfólk



Geymsla/verkstæði

Vöruhúsa og
flutningsþjónusta
Viðhaldsþjónusta
Vélaviðgerðir
Tæki og aukabúnaður
Repair and shair
Upcycling
Gröfu og byggingaþjónusta
Vinnupallar
Vöruhúsa og
flutningsþjónusta
Rafmagnsþjónsuta
Vatnstækniþjónusta



Veitur / auðlindastraumar

Veitur
Fráveitur
Meðhöndlun úrgangs
Auðlindastraumar



Græn svæði

Græn svæði
Garðar
Gönguleiðir
Leiksvæði?
Fuglaskoðun?

Ár/Bakki

þjónustukjarni


Byggt verður **móttökuhús** í samstarfi við fasteignafélag eða fyrirtæki á svæðinu snemma í ferlinu.

Í húsinu er aðstaða til að **taka á móti gestum** og kynna starfsemina, mathöll fyrir starfsfólk og gesti, verslun, skrifstofur og fundarými fyrir **framkvæmdastjórn garðsins**, opnar skrifstofur og aðgangur að fundarýmum fyrir fyrirtæki á svæðinu sem og aðgangur að rannsóknarstofum og öðrum vinnurýmum. Aðstaða þar sem hægt væri að framkvæma tilraunir og prófanir á nýjum vörum og aðferðum fyrirtækja á svæðinu.

Sameiginleg aðstaða fyrirtækja á svæðinu skapar vettvang til að skiptast á hugmyndum, koma á samstarfi og auka gegnsæi innan garðsins. Vettvangur verður fyrir samstarf við Þekkingarnet Þingeyinga - Hafnarstétt, háskólasamfélagið og stjórnvöld.

Eftir því sem garðurinn stækkar og eftirspurn eykst, er hægt að koma á fleiri sameiginlegum þjónustubyggingum, t.a.m. flutninga og geymslusvæði aðfanga og afurða.





- Móttaka
- Kaffihús / mötuneyti
- Verslun
- Fræðsla / sýning
- Salur f. viðburði, fyrirlestra og fræðslu

- Vottaðar tilraunastofur
- rannsóknir og prófanir á nýjum vörum, aðferðum
- Verkstæði / FabLab
- Búningsklefar / sturtur

- Skrifstofur
- Fundaherbergi
- Stjórnun
- Starfsmannahald og ráðningarþjónusta
- Upplýsinga og fjarskiptatækniþjónusta
- Fasteigna og viðhaldsþjónusta
- Sérsmninga og verkefnaþjónusta

- Skrifstofur - sveigjanlegar stærðir
- Opin vinnurými
- Fundaherbergi
- Bókanleg og óbókanleg Kaffistofa

- Skrifstofur - sveigjanlegar stærðir
- Opin vinnurými
- Fundaherbergi
- Bókanleg og óbókanleg Kaffistofa

Upplýsingamiðstöð

Rannsóknir og þróun

Stjórnun / Markaðsstarf

Stærri fyrirtæki
Akkeri

Minni fyrirtæki /
Sprotar



Fasaáætlun.





Sameiginlegar byggingar



Fyrirtæki á lóð

1

Fyrsti fasi

2

Annar fasi

3

Þriðji fasi



2025

2035

2045

2055

Fyrsti Fasi

Annar Fasi

Þriðji Fasi

Landsvæði sem búið er að taka frá er um **200ha**. Og er búið að útbúa skipulag fyrir 84 ha svæði. Vinna þarf að stækkun skipulagssvæðisins í samræmi við áætlanir um uppbyggingu en gert er ráð fyrir að svæðið **byggist upp í áföngum**. Lagt er til að fyrst muni svæðið byggjast upp á lóðunum sem eru næst PCC og uppbygging síðan halda áfram í átt til norðurs.

Fyrsti fasi

Farið verður í að **deiliskipuleggja og úthlutar lóðum**. Sveitafélagið tekur ákvörðun um samsetningu fyrirtækja á svæðinu og munu markmið um grænar áherslur og jákvæð samfélagsleg áhrif hafa áhrif á val fyrirtækja. Sveitafélagið ásamt öðrum stofnunum fer í að **leggja innviði** sem snúa að þjónustu þess m.a. vatns, fráveitu, rafmagn og ljósleiðara og vegavinnu. Framkvæmdir við stækkun hafnar svæðis á Húsavík lýkur.

Stofnað verður sérstakt þróunarfélag sem sér um að koma stefnu sveitafélagsins varðandi uppbyggingu á Bakka í framkvæmd. Sveitafélagið tilnefnir stjórnarmenn. Verkefnisstjóri á vegum þróunarfélagsins mun stýra uppbyggingu garðsins, sjá um samskipti við hagaðila, veita upplýsingar og tengja saman aðila.

Byggt verður móttökuhús í samstarfi við fasteignafélag eða fyrirtæki á svæðinu. Þar verður hægt er að taka á móti gestum og kynna starfsemi garðsins.



2025

2035

2045

2055

Fyrsti Fasi

Annar fasi

Þróunarfélagið hefur komið upp **samstarfsvettvangi fyrirtækja á svæðinu (klasa)**. Samstarf á svæðinu styrkist m.a. hvað varðar nýtingu auðlindastrauma, nýsköpun, ímynd og græn markmið garðsins. Vettvangur verður fyrir samstarf við Þekkingarnet Þingeyinga - Hafnarstétt, háskólasamfélagið og stjórnvöld.

Starfsemin vekur sífellt meiri athygli og fleiri fyrirtæki sækjast eftir að verða hluti af uppbyggingu græns iðngarðar á Bakka.

Umhverfið er heillandi og ólíkt flestu öðru.



2025

2035

2045

2055

Annar Fasi

Þriðji fasi

Eftir því sem fyrirtækjum fjölgar aukast möguleikar á nýtingu fjölbreyttra efnastrauma og garðurinn heldur áfram að vaxa í átt til norðurs.

Miðlægar þjónustubyggingar eru nýttar til að auka samþættingu fyrirtækja á ýmsum sviðum, hvort sem er til að deila afgangsafurðum eða þekkingu.

Samfélag skapandi fyrirtækja og fólks hefur orðið til þar sem sjálfbærni er leiðandi afl bæði í rekstri fyrirtækjanna og hugsunarhætti starfsfólks á svæðinu.



2025

2035

2045

2055

Þriðji Fasi

Rekstrarform.

Markmið fyrirhugaðs græns iðngarðs á Bakka er að laða að svæðinu **ákjósanleg fyrirtæki** sem hafa getu til að minnka kolefnisfótspor með fjölnýtingu auðlindastrauma sem og að styrkja samfélagið í heild á svæðinu.

Húsavík verður eigandi

...iðngarðsins, deiliskipuleggur og úthlutar lóðum. Sveitarfélagið tekur ákvörðun um samsetningu fyrirtækja á svæðinu og munu markmið um **grænar áherslur** og **jákvæð samfélagsleg áhrif** hafa áhrif á val fyrirtækja. Þá rekur sveitarfélagið ásamt öðrum stofnunum innviði sem snúa að þjónustu þess m.a. vatns, fráveitu, rafmagn og ljósleiðara.

Á þessum tímapunkti er mikilvægt að verkefnið fái sjálfstæði til að efla framgang þess. Stofnað verður sérstakt félag „**Þróunarfélag Grænn Bakki**“ sem sér um að koma stefnu sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu á Bakka í framkvæmd. Sveitarfélagið tilnefnir stjórnarmenn.



Verkefnastjóri á vegum

...þróunarfélagsins mun **stýra uppbyggingu garðsins**, sjá um samskipti við hagaðila, veita upplýsingar og tengja saman aðila. Verkefnisstjóri getur verið starfsmaður sveitarfélagsins sem sinnir starfinu samhliða öðrum störfum til að byrja með.

Þróunarfélagið mun koma upp **samstarfsvettvangi fyrirtækja á svæðinu (Klasa)**. Á þeim vettvangi verður samstarf milli fyrirtækja á svæðinu styrkt m.a. hvað varðar nýtingu auðlindastrauma, nýsköpun, ímynd og græn markmið garðsins. Þá verður stuðlað að samstarfi við *Þekkingarnet Þingeyinga - Hafnarstétt, háskólasamfélagið og stjórnvöld*.



HÚSAVÍK

(eigandi garðsins)

Deiliskipulag
Úthlutun lóða
Innviðir - vatn, fráveita,
Rafmagn, ljósleiðari.
Stefna garðsins ákveðin.
Val á fyrirtækjum

VERKEFNASTJÓRI

Samskipti við hagaðila.
Veita upplýsingar.
Tengja hagaðila.
Stýrir uppbyggingu
í takt við stefnu.

SAMSTARFSVETTvangur

(Klasi: samstarf fyrirtækja á svæðinu & hagaðila)

ÞRÓUNARFÉLAG

(sveitarfélag + fyrirtæki á svæðinu)

SJÁLFSTÆÐ STJÓRN

Gætir að ímynd garðsins.
Vinna með græn markmið.
Styrkja samstarf á milli fyrirtækja á svæðinu.
Stydja við nýsköpun í samstarfi við stjórnvöld og Háskóla samfélagið.

**ÞJÓNUSTUHÚS BYGGT**

(samstarf við einkaaðila t.d. fasteignafélag eða fyrirtæki á svæðinu)

Fyrsti fasi: Kostnaðarliðir sveitarfélags

01	VERKEFNASTJÓRI	<ul style="list-style-type: none">• Laun og launatengd gjöld.• Vinnuhlutfall 30% - 100% eftir framvindu og stækkun garðsins.
02	UMHVERFISMAT	<ul style="list-style-type: none">• Fyrirtæki sjá um umhverfismat fyrir sína starfsemi.• Ath. skilyrði.
03	INNVIÐIR	<ul style="list-style-type: none">• Vegagerð innan núverandi skipulags.• Kalt vatn og rafmagn að lóðarmörkum.• Heimtaugar og ljósleiðara að lóðarmörkum.• Yfirborðsfrágangur og götulýsing.


Forsendurnar fyrir **fyrsta fasa** er að núverandi deiliskipulag passi fyrir nokkur minni fyrirtæki sem gætu komið úr bænum og á lóðirnar næst þjóðveginum. Eitt stórt rafeldsneytisfyrirtæki kæmist til dæmis á 5 ha lóðina í fyrsta áfanga í sinni uppbyggingu.

Annar fasi: Kostnaðarliðir sveitarfélags

01	VERKEFNASTJÓRI	<ul style="list-style-type: none">• Laun og launatengd gjöld.• Vinnuhlutfall 100%
02	DEILISKIPULAG	<ul style="list-style-type: none">• Endurskoðun og stækkun þess (2-3 milljónir).
03	INNVIÐIR	<ul style="list-style-type: none">• Vegagerð innan nýs skipulags.• Heitt og kalt vatn að lóðarmörkum.• Heimtaugar og ljósleiðara að lóðarmörkum.• Yfirborðsfrágangur og götulýsing.
04	UMHVERFISMAT	<ul style="list-style-type: none">• Fyrirtæki sjá um umhverfismat fyrir sína starfsemi.• Ath. skilyrði.

Forsendan í **annan fasa** er að lóð fyrir rafeldsneyti yrðir stækku lóð úr 1.fasa og minni lóðir fjölgað. Þetta kallar á nýtt deiliskipulag til norðurs í framhaldi af núverandi skipulagi.

Forsendur fyrir **þriðja fasa** er nokkuð óljósar þar til ljóst er hvaða starfsemi verður á svæðinu en þar sem grunnstoðir innan svæðis eru komnar þá ætti viðbótar kostnaður ekki að vera mikill.



● Móta skýra framtíðarsýn

Sveitarfélagið þarf að móta skýra framtíðarsýn fyrir Bakka í samræmi við sín markmið á áherslur. Samhliða þessari vinnu þarf að móta skýra framtíðarsýn fyrir hafnaruppbyggingu.

● Próunarfélagið “Grænn Bakki” stofnað

Sér um að koma stefnu sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu á Bakka í framkvæmd. Sveitarfélagið tilnefni stjórnarmenn. Öflugur verkefnastjóri ráðinn sem getur verið starfsmaður sveitarfélagsins sem sinnir starfinu samhliða öðrum störfum til að byrja með.

● Innviðir og auðlindastraumar.

Með uppbyggingu á Bakka eykst þörf fyrir raforku og vatn. Þetta þarf að skoða vel í samstarfi við hagaðila þegar framtíðarsýn liggur fyrir. Núverandi aflgeta þeistareykja er 90 MW en hefur möguleika á stækkun í 200 MW.

● Deiliskipulag og umhverfismat.

Auka þarf heimildir innan núverandi deiliskipulags hvað varðar sveigjanleika í stærð og tengingu lóða. Auka þarf heimildir til efnistöku í Skurðsbrúnum sem og finna svæði sem henta til losunar lausra efna frá byggingarsvæðinu.

Með **skýra framtíðarsýn** og metnað til að skara fram úr getum við rutt hindrunum úr veginum og farið að hlakka til komandi tíma!